

# Í fjarlægum heimi

.....  
FIMMTUDAGUR 24.11.11



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

.....

AERIALITY er í einum þætti og tekur um 12 mínútur í flutningi. Sellókonsertinn eftir Dutilleux er tæpur hálf tími að lengd, og 4. sinfónía Brahms um 40 mínútur. Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok verka.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1.  
Þeir verða síðan aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is)

BAKHJARLAR

---

BORGUN



GAMMA

---

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 24. NÓVEMBER 2011 KL. 19.30

---

**Ilan Volkov** hljómsveitarstjóri  
**Sæunn Þorsteinsdóttir** einleikari

---

**Anna Þorvaldsdóttir**     **AERIALITY (2011, frumflutningur)**

**Henri Dutilleux**     **Tout un monde lointain... (1970)**  
*Enigme (Ráðgáta): Très libre et flexible –*  
*Regard (Tillit): Extrêmement calme –*  
*Houles (Bylgjur): Large et ample –*  
*Miroirs (Speglar): Lent et extatique –*  
*Hymne (Sálmur): Allegro*

**Hlé**

**Johannes Brahms**     **Sinfónía nr. 4 í e-moll op. 98 (1884–85)**  
*Allegro non troppo*  
*Andante moderato*  
*Allegro giocoso*  
*Allegro energico e passionato – Più allegro*

## **Ilan Volkov**

*hljómsveitarstjóri*



Ilan Volkov (f. 1976) hóf tónlistarnám ungur að árum. Hann var ráðinn aðstoðarstjórnandi Northern Sinfonia á Englandi 19 ára gamall og árið 1997 tók hann við samskonar stöðu við hlið Seijis Ozawa við Sinfóníuhljómsveitina í Boston. Hann var valinn aðalstjórnandi skosku BBC-hljómsveitarinnar árið 2003 og var þá yngsti stjórnandinn til að hreppa slíka stöðu við bresku útvarpshljómsveitirnar. Hann stýrði hljómsveitinni meðal annars á Proms- og Edinborgarhátíðunum, og lagði sig fram um að kynna nýja tónlist meðan hann gegndi stöðunni, meðal annars nýjan sellókonert eftir Unsuk Chin með einleikaranum Alban Gerhardt á Proms-hátíðinni 2009.

Volkov lét af starfinu í Skotlandi fyrir tveimur árum og tók nýverið við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Meðal þeirra hljómsveita sem hann stýrir reglulega eru Filharmóníuhljómsveitirnar í Ísrael, München og Rotterdam, Orchestra of the Age of Enlightenment, Sinfóníuhljómsveitin í Birmingham, Orchestre de Paris og Þjóðarhljómsveitin í Washington. Volkov er einnig mikils metinn óperustjóri, hefur stýrt Lundúnafélharmóníunni í *Draumi á Jónsmessunótt* eftir Britten á Glyndebourne-hátíðinni, *Peter Grimes* við Þjóðaróperuna í Washington, *Evgéni Ónégin* við San Francisco-óperuna og *The Rise and Fall of the City of Mahagonny* eftir Kurt Weill við óperuna í Toulouse.

Volkov hljóðritar fyrir Hyperion-útgáfuna og hlaut Gramophone-verðlaunin 2009 fyrir hljóðritun sína af hljómsveitarverkum Benjamins Britten. Nýr hljómdiskur þar sem hann stjórnar verkum eftir breska tónskáldið Jonathan Harvey hlaut fyrr á þessu ári Mónakó-verðlaunin og Prix Caecilia, sem eru veitt af samtökum tónlistargagnrýnenda í Belgíu.

## Sæunn Þorsteinsdóttir

*einleikari*



Sæunn Þorsteinsdóttir er fædd í Reykjavík árið 1984. Hún hóf tónlistarnám fjögurra ára við forskóla Tónlistarskólans á Akureyri en árið eftir sellónám hjá Hauki Haraldsyni í Reykjavík. Sjö ára fluttist hún til Bandaríkjanna og hefur búið þar að mestu síðan. Árið 2006 útskrifaðist hún með bakkalár-gráðu frá Cleveland Institute of Music með hæstu einkunn og lagði í framhaldinu stund á meistaranám við Juilliard-tónlistarháskólann í New York. Hún útskrifaðist þaðan árið 2008. Aðalkennarar hennar hafa verið Richard Aaron, Tanya Carey og Joel Krosnick.

Sæunn býr í New York og hefur komið fram víða í Bandaríkjunum og Evrópu, bæði sem einleikari og í kammertónlist, meðal annars með Itzhak Perlman, Kim Kashkashian og Mitsuko Uchida. Undanfarin misseri hefur Sæunn verið meðlimur Ensemble ACJW sem er samvinnuverkefni Carnegie Hall, Juilliard-tónlistarháskólans og Weill-stofnunarinnar með stuðningi menntasviðs New York-borgar. Hópurinn kemur reglulega fram í Carnegie Hall sem og í skólum borgarinnar og víðar. Sæunn hefur tvívegis komið fram á tónlistarhátíðinni Við Djúpið á Ísafirði, nú síðast sem einn aðalkennari hátíðarinnar.

Þá hefur Sæunn komið víða fram sem einleikari, meðal annars með Sinfóníu-hljómsveit Íslands, Æskulýðshljómsveit Kólumbíu og Des Moines Symphony. Hún hefur frumflutt fjölda verka og eru mörg þeirra sérstaklega samin fyrir hana, þar á meðal margverðlaunaða verk Daníels Bjarnasonar, *Bow to String*. Sæunn hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga, m.a. Janigro Family and Romanini Foundation-verðlaunin við Antonio Janigro-sellókeppnina í Zagreb og Zara Nelsova-verðlaunin í Naumburg-keppninni í New York árið 2008. Þess má geta að nýlega kom út á vegum Centaur Records diskur með flutningi Sæunnar á svítum fyrir einleiksselló eftir Benjamin Britten.

**Anna Þorvaldsdóttir**  
*AERIALITY*



Anna Þorvaldsdóttir (f. 1977) lauk BA-gráðu í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands vorið 2004 og MA-gráðu í tónsmíðum vorið 2008 frá University of California í San Diego. Hún lauk nýverið doktorsgráðu við sama skóla þar sem hún hefur aðallega verið í samstarfi við Rand Steiger, Lei Liang og Steven Schick. Anna sinnti kennslu við University of California í San Diego árið 2011, annars vegar í tónsmíðum og hins vegar í tónlistarsögu og greiningu. Verk hennar eru flutt reglulega í Evrópu og í Bandaríkjunum og á tónlistarhátíðum á borð við Norræna músíkdaga og Myrka músíkdaga. Verk Önnu hafa hlotið ýmis verðlaun og tilnefningar, svo sem á Prix Europa og á Alþjóðlega tónskáldaþinginu. *Hrím* var valið tónverk ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2011.

Anna vinnur mikið með stóra hljóðheima í tónlist sinni, fyrir kammersamspil, hljómsveitir, einleikara, raddir eða rafhljóð. Innblástur frá landslagi og náttúru birtist ítrekað í flæðandi hljóðstrúktúrum í bland við óræðar lagrænar hugleiðingar. Fyrsta portrait-plata Önnu – *Rhízöma* – kom út í október 2011 hjá bandaríska útgáfufyrirtækinu Innova Recordings og hefur hlotið afar góða dóma. Diskurinn inniheldur þrjú stærri verk fyrir hljómsveit og kammerhljómsveit, auk fimm stuttra kafla úr verki fyrir slagverksleikara sem leikur á innviði flygils. Verkin eru í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, CAPUT, og slagverksleikarans Justin DeHart.

*AERIALITY* er samið fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2011. Anna hefur eftirfarandi orð um verkið: „*AERIALITY* dansar á mörkum hljómsveitartónlistar og hljóðlistar, en í verkinu fléttast saman lagræn tónefni og þykkir hljóðmassar. Að hluta til samanstendur verkið af þykkum hljómmum þar sem öll hljóðfæri hljómsveitarinnar renna saman í eitt og mynda marggradda hljóðvegg. Krómatískir hljómar eru stækkaðir með notkun kvarttóna til að skapa þetta hljóðáferð – mörkin á milli einstakra hljóðfæra verða óljós og hljómsveitin verður að þéttum massa. Þessi hljóðheimur kallast á við flæðandi efni þar

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

AERIALITY er frumflutt á tónleikunum í kvöld. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur áður frumflutt og hljóðritað þrjú hljómsveitarverka Önnu undir stjórn Christians Lindberg, Rumons Gamba, Daníels Bjarnasonar og Bernharðar Wilkinson. Tónlistarhópurinn CAPUT hefur einnig frumflutt og hljóðritað stærri kammerhljómsveitarverk Önnu undir stjórn Snorra Sigfúsar Birgissonar.

sem smærri hljóðfærasamsetningar taka sig saman með tónefni sem ferðast á milli eininga innan hljómsveitarinnar. Við hápunkt verksins byggist upp breiður og óræður hljóðmassi. Hann leysist síðan upp í stutta lagræna hugleiðingu sem blómstrar í skamma stund og skilur eftir sig skugga af sjálfri sér.

Orðið AERIALITY vísar til þess að vera í lausu lofti, án haldreipis, og þannig bæði til frelsis og óróleika. Þá vísar orðið einnig til þeirrar yfirsýnar sem fæst úr lofti en ekki frá jörðu. Titill verksins er ennfremur orðaleikur þar sem orðunum *aerial* og *reality* er blandað saman til að skapa andstæður; *reality* ber tilvísun í jörð, hið raunverulega, og *aerial* í himinn, eða hið ósnertanlega.“

## Henri Dutilleux

*Tout un monde lointain...*



Henri Dutilleux (f. 1916) er tvímælalaust eitt mesta núlifandi tónskáld heims. Hann er ásamt þeim Krzysztof Penderecki, Elliott Carter og Pierre Boulez einn fárra sem enn lifir af meisturum tónsköpunar á árunum eftir síðari heimsstyrjöld, nú þegar þeir Messiaen, Lutoslawski, Ligeti og Berio hafa safnast til feðra sinna.

Dutilleux var fæddur inn í mikla listafjölskyldu; langafi hans var málari og var kunnugur Delacroix, afi hans var vinur Gabriels Fauré. Dutilleux fór hefðbundna leið í tónsmíðanámi sínu, lærði við Parísarkonservatoríið og hreppti helstu viðurkenningar í hljómfærði, kontrapunkti og fúgusmíðum. Tónsmíðar hans þá voru undir sterkum áhrifum frá Fauré og Ravel, enda var tónsmíðadeild skólans aldrei sérlega framsækin. „Við höfðum heyrt Schönbergs getið, en þekktum ekkert til verka hans,“ sagði tónskáldið síðar.

Hann hlaut Rómaverðlaunin víðfrægu fyrir kantötu um Salómón og drottninguna af Seba, en eftir nokkra mánuði suðurfrá braust síðari heimsstyrjöldin út og hann neyddist til að hverfa aftur til heimalands síns. Dutilleux fargaði flestöllum æskuverkum sínum og reyndi að brjótast undan áhrifum Ravels; honum fannst hann þurfa að byrja upp á nýtt og hefur sagt að píanósónata sín frá árinu 1947 sé elsta verk sitt sem falli sér í geð. Hann stúderaði Berg, Webern og hinn dularfulla Schönberg, og í kjölfarið fæddist nýr og persónulegur stíll, sem leitar að innri sannleika í stað þess að einblína á ytra glys. Að þessu leyti minnir hann nokkuð á íslenskan tónsmið sem er réttum áratug yngri: Jón Nordal.

Þess má líka geta hér í framhjálaupi að Dutilleux eyddi 10 dögum í Reykjavík og á Þingvöllum sumarið 1954 og var í fyrstu stjórn alþjóðlegra tónskáldasamtaka sem Jón Leifs stofnaði um sama leyti. Síðar hittust þeir Jón oft á tónskáldafundum og franskir meistarinn minnst hans enn sem góðs vinar og dáist að sérstæðri tónlist hans.

Dutilleux er vandvirkur með eindæmum og verkalisti hans er ekki langur; hann á



## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sellókonsertinn eftir Dutilleux hljómar nú á Íslandi í fyrsta sinn. Áður hefur Sinfóníuhljómsveitin flutt tvö verka tónskáldsins: Sinfóníu nr. 2 (stj. Sverre Bruland, 1968) og Métaboles (stj. Ludovic Morlot, 2009).

Það sameiginlegt með Ravel að leggja mikla natni í hvern tón sem hann sendir frá sér. Sellókonsertinn *Tout un monde lointain...* („Allt er fjarlægur heimur...“) var saminn að beiðni rússneska sellósnillingsins Mstislav Rostropovitsj, sem hafði hrifist af fyrstu sinfóníu Dutilleux þegar hún var frumflutt í Rússlandi. Um svipað leyti hafði franska menntamálaráðuneytið pantað hjá Dutilleux ballett sem átti að sækja innblástur í ljóð Charles Baudelaire, fyrir aldarárið skáldsins 1967. Ekkert varð úr ballettinum, en hugrenningar sem ljóð Baudelaire höfðu hrundið af stað fundu þess í stað farveg í sellókonsertinum. Verkið var frumflutt í júlí 1970 af Rostropovitsj og Orchestre de Paris, og er nú almennt talið einn helsti sellókonsert frá síðari hluta 20. aldar.

Verkið er í fimm þáttum, sem þó renna saman og mynda eina heild. Tónlistin dvelur í heimi hins óræða, innhverfa og dulúðlega, rétt eins og skáldlist Baudelaire. Þótt konsertinn geri verulegar tæknilegar kröfur til einleikarans og liggi á köflum á afar háu tónsviði, er ekki um að ræða hefðbundna flugeldasýningu. Fremur reynir á lýríska eiginleika sólistans, á næmi fyrir litum og stemningu, og því að finna samhengi milli hendinga sem við fyrstu heyrn virðast eiga fátt sameiginlegt.

Konsertinn hefst með dularfullum slagverksslætti og stuttri kadensu, sem leiðir inn í hraðan og leikandi scherzó-þátt sem ber heitið Enigme (Ráðgáta); hér er meginuppistaðan röð tilbrigða um 12-tóna stef sem snýr aftur síðar í verkinu. Annar þáttur, Regard/Tillit, er sá fyrri af tveimur hægum köflum. Hér ríkir töfrandi kyrrð, eins konar dáleiðslustemning. Houles (Bylgjur) er eins konar scherzó og gerir feykilegar kröfur til einleikarans. Í upphafi fjórða þáttar (Miroirs/Speglar) heyrst hvílkur meistari Dutilleux er í hljómsveitarútsetningu: harpa, marimba og málmgjöll mynda hárfínan og glitrandi vef. Í lokapættinum (Hymne/Sálmur) eru allir þræðir verksins fléttaðir saman. Bláendirinn kemur á óvart: flóktandi sellótónarnir verða sifellt veikari, og hverfa að lokum út í tómið.

## Johannes Brahms

### Sinfónía nr. 4



Í rómversku goðafræðinni var Janus guð tímamóta, upphafs og enda, og í myndlist birtist hann oft með tvö höfuð sem snúa í andstæðar áttir. Í tónlist sinni horfir Johannes Brahms (1833–1897) bæði fram á veginn og aftur til fortíðar, hrærir saman aldagamalli þýskri tónlistarhefð og nýjum, óhefðbundnari aðferðum. Óvígð mætast fortíð og nútíð jafneftirminnilega í verkum Brahms og í fjórðu sinfóníunni, sem hann samdi í austurrísku ölpunum sumrin 1884–85.

Brahms þekkti tónlist gömlu barokkmeistaranna út og inn, enda voru fremstu Bach-spekingar 19. aldarinnar, þeir Friedrich Chrysander og Philipp Spitta, meðal nánustu vina hans. Það var hinn síðarnefndi sem færði Brahms að gjöf handritið að kantötu nr. 150, *Nach dir, Herr, verlanget mich* eftir J.S. Bach, nokkrum árum áður en hún var fyrst gefin út á prenti. Brahms beið ekki boðanna, heldur byggði lokapátt fjórðu sinfóníunnar á stafi úr lokakafla kantötunnar, með nokkrum breytingum þó. Þetta voru síður en svo fyrstu kynni Brahms af tilbrigðum með barokkvafi. Hann hafði áður samið glæsileg píanótilbrigði með fúgu um stef eftir Händel, og einnig hafði hann útsett fyrir píanó (vinstri hendi eingöngu) hina frægu sjakonnu úr fiðlupartítu nr. 2 í d-moll eftir Bach.

Brahms hafði af því nokkrar áhyggjur að nýja verkið væri of þungt og tormelt fyrir almenning. Dræm viðbrögð vina hans hafa varla slegið á áhyggjurnar. „Byrjunin er of glannaleg,” sagði fiðluleikarinn Joseph Joachim. Clara Schumann og Elisabet von Herzogenberg létu einnig í ljós efasemdir um sinfóníuna. „Erfið, mjög erfið,” sagði hljómsveitarstjórinn Hans von Bülow, „risavaxin, nýstárleg, einstök. Óviðjafnanleg orka frá fyrsta takti til hins síðasta.” Að vissu leyti höfðu þau öll á réttu að standa. Fjórða sinfónían er sú „þyngsta“ og alvarlegasta sem Brahms samdi. En maður skyldi varast að vanmeta alþýðusmekk: fjórða sinfónían sló í gegn við frumflutninginn í Meiningen í október 1885 og hefur æ síðan þótt eitthvert stórfenglegasta afrek Brahms í sinfónískum tónsmíðum.

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sí hefur flutt fjórðu sinfóníu Brahms alls 18 sinnum, fyrst í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Olavs Kielland árið 1951. Kielland stýrði henni fjórum sinnum með hljómsveitinni, en meðal annarra stjórnenda eru Vladimir Ashkenazy (1978), Jukka-Pekka Saraste (1986) og Eva Ollikainen (2009).

Sú fjórða hefst á stafi sem er dæmigert fyrir Brahms á efri árum; ljúft og blítt en býr um leið yfir djúpum trega. Stefið er samansett úr fallandi þríundum, og þessa aðferð við stefjauppbyggingu átti Brahms eftir að nota aftur síðar, til dæmis í smálagi sínu fyrir píanó op. 119 nr. 1. Tónlistin verður smám saman kraftmeiri og næsta stef er ástríðuþrungið, leikið af sellóum og hornum. Litbrigðin eru óteljandi, allt frá dularfullum minnkuðum *pianissimo*-hljómum og yfir í glæsilegan lúðrabýt og hornablástur. Úrvinnslan er heillandi, dulúðug og kröftug til skiptis, og þegar upphafstónarnir snúa aftur leikur Brahms á okkur með því að teygja úr fyrstu tveimur hendingunum svo þær verða næstum óþekkjanlegar. Það er hluti af galdrinum hvernig Brahms leysir upp mörkin milli ólíkra kafla innan þáttarins, og þó er tónlistin ávallt markviss og stefnuföst. Hápunktur kaflans kemur þó ekki fyrir en í niðurlaginu, þegar við heyrum upphafsstefið í síðasta sinn, nú í þéttri keðju milli djúpu strengjanna og horna annars vegar og efri strengja/tréblásara hins vegar.

Annar þáttur hefst á lúðrabýt sem færir okkur aftur í heim miðaldasagna. Ljóðrænt klarínnettustef er í forgrunni til að byrja með, en ekki líður á löngu þar til ástríðufull tjáningin hefur náð yfirhöndinni. Voldugar tríólar taka við og leiða inn í tilfinningaþrungið stef leikið af sellóum. Varla verður sagt um þriðja kafla sinfóníunnar að hann sé léttfætt scherzo „à la Beethoven“ – til þess er tónefnið of voldugt, hljómsveitarútsetningin of þykk og formið of stórt í sniðum. Voldugur hljómur og ævintýraleg tóntegundaskipti skyggja þó ekkert á glaðlegt yfirbragðið, og til að undirstrika það enn frekar notar Brahms þríhorn í eina skiptið í öllum sinfóníum sínum.

Lokapátturinn er sjakonna – þrjátíu tilbrigði yfir átta takta hljómagang sem fenginn er að láni úr kantötu nr. 150 eftir Bach. Við upphaf þáttarins heyrum við stefið „ómengað“ en í tilbrigðunum sem fylgja í kjölfarið sýnir Brahms meistaratök

sín á tilbrigðaforminu. Stefið skoðar hann í sífellt nýju ljósi – ýmist hratt eða hægt, blítt eða ofsafengið. Brahms gerir hér allt annað og meira en að endurvinna tónlist hins mikla forvera síns. Með því að taka eitt stórfenglegasta form barokktímans og gera það fullkomlega að sínu eigin tengir hann saman nútíð og fortíð á áhrifamikinn hátt.

**ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON**

## Á döfinni



### **Beethoven-hringurinn I** *Mið. 7.12. kl. 19:30*

Þegar Beethoven hóf tónsmíðaferil sinn var símfóníska formið fyrst og fremst saklaus skemmtimúsík. Er hann lést var símfónían form hinna risavöxnu átaka; í tónlist sinni speglaði hann bæði eigið sálarástand og heiminn allan í mikilfengleika sínum, fegurð og illsku, gleði og ljótleika.

Fyrstu tvær símfóníur Beethovens bera helst keim af verkum Mozarts og Haydns. Þó heyrst að hér var kominn ungur maður með nýja rödd. Með þriðju símfóníu sinni hélt Beethoven inn á nýja braut. Hetjuhljómkviðan er almennt talin eitt af byltingarkenndustu verkum tónlistarinnar; verk sem breytti öllum viðmiðum og skilgreindi bæði form og innihald símfóníunnar upp á nýtt.

Stjórnandi: Hannu Lintu

Ludwig van Beethoven: Símfónía nr. 1, Símfónía nr. 2 og Símfónía nr. 3, Eroica

### **Beethoven-hringurinn II** *Fös. 9.12. kl.19:30*

Beethoven-hringurinn heldur áfram með tónleikum þar sem hljóma tvær gjörólíkar símfóníur meistarans. „Hún er grannvaxin gyðja sem stendur milli tveggja norrænna risa“, sagði Robert Schumann um fjórðu símfóníu Beethovens. „Þannig banka örlögin á dyrnar“, á Beethoven að hafa sagt um upphafið að fimmtu símfóníu sinni. Engir upphafstaktar hafa náð því líkri frægð og ekkert verk Beethovens hefur haft jafnmikil áhrif á síðari kynslóðir. Sá mikli dramatíski kraftur sem í verkinu býr hefur síður en svo dvínað á tveimur öldum. Barátta tónskáldsins við eigin örlög, heyrnarleysi og einmanaleika verður næstum áþreifanleg fyrir eyrum manns.

Stjórnandi: Hannu Lintu

Ludwig van Beethoven: Símfónía nr. 4 og Símfónía nr. 5, Örlagasímfónían

## HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

24. nóvember 2011

### 1. FÍÐLA

Una Sveinbjarnardóttir  
Sigrún Eðvaldsdóttir  
Sif Margrét Tulinius  
Andrzej Kleina  
Lin Wei  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Mark Reedman  
Rósa Guðmundsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Zbigniew Dubik  
Margrét Kristjánsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Martin Frewer

### 2. FÍÐLA

Greta Guðnadóttir  
Roland Hartwell  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Þórdís Stross  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Christian Diethard  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Hlíf Sigurjónsdóttir  
Greta Salome Stefánsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Kristín Björg Ragnarsdóttir  
María Weiss  
Hlín Erlendsdóttir

### VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir  
Sarah Buckley  
Svava Bernharðsdóttir  
Kathryn Harrison  
Þórarinn Már Baldursson  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Sesselja Halldórsdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Eyjólfur Alfreðsson  
Guðrún Þórarinsdóttir

### SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir  
Sigurgeir Agnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Auður Ingvadóttir  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Lovísa Fjeldsted  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

### BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

### FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

### ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins  
Matthías Nardeau

### KLARINETT

Einar Jóhannesson  
Sigurður I. Snorrason  
Rúnar Óskarsson

### FAGOTT

Rúnar Vilbergsson  
Hafsteinn Guðmundsson  
Brjánn Ingason

### HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Porkell Jóelsson  
Lilja Valdimarsdóttir

### TROMPET

Ásgeir Steingrímsson  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

### BÁSÚNA

Oddur Björnsson  
Sigurður Þorbergsson  
David Bobroff, bassabásúna

### TÚBA

Austin Howle

### HARPA

Katie Buckley

### PIÁNÓ & CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

### ÞÁKUR

Eggert Pálsson

### SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Pétur Grétarsson

Þér við sælusæti bjóðum  
með sinfónískum töfrahljóðum.  
Slíka gjöf má gjarnan þiggja  
á gleðina mun ekkert skyggja.  
- Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is



# KOLABRAUTIN RESTAURANT



*Íslenskt hráefni.  
Hefðir miðjarðarhafsins.*

**Við bjóðum upp á  
tónleikamatseðil þegar  
Sinfóníuhljómsveitin spilar.**

Kolabrautin er  
á 4ðu hæð Hörpu

Borðapantanir 519 9700

[info@kolabrautin.is](mailto:info@kolabrautin.is)  
[www.kolabrautin.is](http://www.kolabrautin.is)

